Sigurður Ingvi Snorrason leikur einleik á tónleikum Sinfóníunnar í kvöld

SIGURÐUR Ingvi Snorrason, klarinettleikari, leikur einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands á tónleikum hennar í Háskólabíói í kvöld. Leikin verða verk eftir Schubert, Sibelius og Patterson og er það finnski hljómsveitarstjórinn, Petri Sakari, sem stjórnar.

Sigurður Ingvi er nú skólastjóri Tónlistarskóla Félags íslenskra hljóðfæraleikara. Hann er Reykvíkingur, fæddur árið 1950 og nam við Tónlistarskólann í Reykjavík og Tónlistarháskólann í Vínarborg. Hann hefur leikið með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Íslensku hljómsveitinni og tekið virkan þátt í tónlistarlífi hér á landi.



Sigurður Ingvi Snorrason

Siglufjörður:

Opið hús fyrir eldri borgara

Siglufirði:

Í KVÖLD, fimmtudag, verður opið hús á vegum Félagsmálaráðs Siglufjarðar í samvinnu við kirkjuna.

Ætlunin er að á hverjum fimmtudegi í vetur verði Safnaðarheimilið opið fyrir starf eldri borgara. Þar verður boðið upp á föndur, saumaskap, spil og reyndar það tómstundastarf sem eldri borgarar hafa áhuga á. Heitt verður á könnunni og umsjón með starfinu mun Hanna Snorradóttir hafa.

Eins og kunnugt er hefur slíkt starf notið allmikla vinsælda um allt land og mjög víða í safnaðarheimilum kirkjanna. Það er von Félagsmálaráðs og kirkjunnar að sem flestir líti inn í kvöld og taki þátt í því að móta starfið í vetur.

m.j.

Ökumaður Datsun-bifreiðarinnar fundinn:

„Get ekki skilið að allsgáður maður geti gert svona lagað“

– segir Auður Halldórsdóttir um bílslysið

LÖGREGLAN hefur nú fundið bifreiðina, sem ekið var á unga konu á Týsgötu aðfararnótt sunnudagsins. Hefur 19 ára gamall piltur viðurkennt að hafa ekið bifreiðinni um nóttina. Ekið var á konuna á Týsgötunni aðfaranótt sunnudags með þeim afleiðingum að hún hlaut slæmt lærbrot auk annarra meiðsla.

Slysið varð með þeim hætti að maður konunnar var kominn út á götuna, þegar bifreið var sveigt inn á hana, en þau hjón voru þarna á gangi ásamt Auði Halldórsdóttur og fleira fólki. „Þegar við vorum nærri því komin yfir Týsgötuna sáum við hvar hvítur Datsun kemur á fleygiferð. Bílstjórinn virtist leika sér að því að sveigja aðeins að okkur og strýkst við manninn. Ég var það heppin að vera skrefi á undan honum en sú sem lenti í þessu var aðeins skrefi á eftir mér. Þegar hún lenti á bílnum var hávaðinn svo mikill að það var eins og keyrt væri á vegg þannig að þetta gat ekki farið fram hjá neinum. Fólk kom meira að segja út úr næstu húsum við hávaðann. Bílstjórinn bremsaði ekki einu sinni heldur ók rakleiðis áfram.

Þetta gerðist allt svo snöggt. Bílstjórinn hefur alls ekki gert sér grein fyrir því í hvaða stöðu við vorum þegar hann fór þarna fram hjá. Hann hefði getað keyrt okkur öll niður - það munaði ekki nema skrefi. Ég get ekki skilið að allsgáður maður geri svona hluti,“ sagði Auður.

Lögreglan leitaði að bifreiðinni eftir bifreiðaskrá, þar sem fólkið gat gefið góða lýsingu á henni. Skömmu fyrir miðnætti á þriðjudag fundu lögreglumenn bifreiðina, sem var greinilega dælduð á hægra framhorni. Við yfirheyrslur játaði pilturinn að hafa ekið á konuna, en hann kvaðst ekki hafa séð hana. Konan er nú á batavegi.

Merki félagsins

Íslensk grafík:

Samsýningunni að ljúka

ÍSLENSK grafík heldur nú stærstu samsýningu sína á verkum félagsmanna. Á sýningunni eru 155 verk eftir 32 listamenn. Sautján ár eru liðin frá stofnun félagsins.

Í sýningarskrá kemur fram að Íslensk grafík hafi haldið 6 félagssýningar til þessa, í Norræna húsinu. Nú er það húsnæði orðið of lítið fyrir sýningarnar. Hagur grafíklistarinnar hafi vænkast á undanförnum árum, því samfara stofnun gallería sem kynna þessa listgrein, aukist áhugi og þekking almennings. Á sýningunni á Kjarvalsstöðum er áberandi hve mikið litanotkun hefur aukist á undanförnum árum. Sum verkanna nú birtast áhorfandanum einnig í þremur víddum.

Í fréttatilkynningu félagsins segir að sýningunni ljúki nk. sunnudagskvöld. Hún er opin daglega frá kl. 14.00 til 22.00.

Norræna húsið


Kvikmyndasýning um Grænland

DAGSKRÁ Norræna hússins um Grænlandstrúboðann Hans Egede verður fram haldið í kvöld með því að sýnd verður kvikmynd Knud Rasmussens um Grænland.

Erindi Haraldar Ólafssonar um Grænland í dag verður hins vegar ekki fyrr en annað kvöld. Báðir dagskrárliðirnir hefjast klukkan 20.30., en auk þess verða bækur um Grænland og Hans Egede til sýnis í bókasafni Norræna hússins þessa daga.

ÁHUGAMENN UM STJÓRNMÁL

Greinasafn Eyjólfs Konráðs Jónssonar, alþingismanns „Út úr vítahringnum“ á sérstöku kynningarverði hjá Eymundsson, Austurstræti.





Stuðningsmenn